

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1998

16. júlí 1998

1377

Nr. 439

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu ökutækja,
nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

Við 2. gr. í viðauka bætist nýr liður í stafrófsröð:

Tækniþjónusta:

Stofnun eða aðili sem er útnefndur til að annast prófanir á prófunarstofu eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaryfirvalds í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðissins.

2. gr.

Á eftir orðinu „ökutækisins“ í a-lið 1. tölul. 22. gr. í viðauka bætist: eða tækniþjónusta“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60., 64. og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

26. júní 1998

Nr. 440

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveinatungu í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulög tveggja svæða fyrir sumarbústaði í landi Sveinatungu í Borgarbyggð. Um er að ræða áfanga 3, Fjósatún og áfanga 4, Stapagil.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreind deiliskipulög öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 26. júní 1998.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.